

AUGLÝSING

um gildistöku EES-ákvæðana er varða vistmerki Evrópubandalagsins.

1. gr.

Með vísun til meginmáls samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES-samningsins), og XX. viðauka við hann, ásamt viðbótum, breytingum, bókunum, auk annarra ákvæða hans er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna ákvæðana framkvæmdastjórnarinnar (EB):

1. Ákvörðun nr. 93/326/EBE frá 13. maí 1993 um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin.
2. Ákvörðun nr. 94/10/EB frá 21. desember 1993 um staðlað eyðublað fyrir tilkynningar um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins.
3. Ákvörðun nr. 96/703/EB frá 26. nóvember 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir kæliskápa.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 627

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

3. nóvember 1997

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. Hámarkshraði á Grandavegi og Framnesvegi, sunnan Hringbrautar, verði 30 km/klst.
2. Bílastöður verði bannaðar á norðurkanti Grandavegar, frá stað rétt austan gatnamótanna við Aflagrandu og út að Framnesvegi.
3. Biðskylda verði á Njarðargötu gagnvart umferð um Eiríksgötu.
4. Biðskylda verði inn á hringtorg milli Nóatúns og Hátúns.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 3. nóvember 1997.

Böðvar Bragason.